

Lykilupplýsingaskjal fyrir Söfnunarleið I

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir. **Afurð þessi er ekki einföld og erfitt getur verið að skilja hana.**

Söfnunarleið I er fjárfestingarleið séreignarsparnaðar rekin af Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda (kt. 450181-0489), heimilisfang Borgartún 29, 105 Reykjavík, Ísland. Starfsheiti sjóðsins er SL lífeyrissjóður.

Nánari upplýsingar um afurðina er að finna á <https://www.sl.is>. Einnig er hægt að óska eftir upplýsingum í síma 510-7400 eða með því að senda tölvupóst á sl@sl.is. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er eftirlitsskyldur aðili og lítur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lykilupplýsingar þessar miðast við 31.12.2023.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Söfnunarleið 1 er meðal ávöxtunarleiða viðbótarlífeyrissparnaðar í vörslu hjá SL lífeyrissjóði. SL lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga nr. 155/1998 um sjóðinn. Söfnunarleið I fjárfestir í innlánnum, skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríki og lánastofnunum. Innlánnum deildarinnar er dreift á a.m.k. þrjár innlánsstofnanir til að takmarka mótaðilaáhættu. Í skuldabréfasafni er horft til skuldabréfa og víxla með stuttan líftíma til að lágmarka sveiflur í ávöxtun. Leiðin hefur heimild til að fjárfesta í hlutdeildaskírteinum og hlutum sjóða um sameiginlega fjárfestingu en takmarkast hún við skammtímasjóði.


Markmið

Markmið Söfnunarleiðar I er að ávaxta lífeyrissparnað í dreifðu safni innlána, skuldabréfa og víxla útgefnum af ríki og lánastofnunum.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Söfnunarleið I stendur öllum fjárfestum til boða sem gert hafa samning um viðbótartryggingarvernd við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Markhópur Söfnunarleiðar 1 samanstendur fyrst og fremst af fjárfestum sem þola litlar sveiflur í ávöxtun og litla áhættu, t.d. þeirra fjárfesta þar sem styttri tími er til töku lífeyris eða sem þegar hafa hafið töku lífeyris.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?



Áhættuvísir

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að sjóðurinn muni ekki geta greitt þér. Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7, þ.e. lágur áhættuflokkur.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Það er engin trygging fyrir því að þú náir ákveðinni ávöxtun og því getur þú tapað hluta eða allri þinni fjárfestingu þrátt fyrir ofangreinda áhættuflokkun. Ef SL lífeyrissjóður, Söfnunarleið 1, getur ekki greitt þér fjárfestingu þína til baka gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

Árangurssviðsmyndir

Árleg fjárfesting 100.000 kr. á ári		1 ár*	3 ár	5 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	93.025	290.672	480.160
	Meðalávöxtun á hverju ári	-6,97%	-1,05%	-0,81%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	102.490	332.432	606.137
	Meðalávöxtun á hverju ári	2,49%	3,48%	3,93%
Hóflæg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	104.712	346.146	641.434
	Meðalávöxtun á hverju ári	4,71%	4,88%	5,11%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	106.737	359.854	678.302
	Meðalávöxtun á hverju ári	6,74%	6,25%	6,29%
Uppsöfnuð fjárfest upphæð		100.000	300.000	500.000

* Ráðlagður fjárfestingartími

Þessi tafla sýnir féð sem þú getur fengið til baka á næstu 5 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, að því gefnu að þú fjárfestir 100.000 kr. á ári. Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat á framtíðarárangri og eru byggðar á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en er ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur afurðinni.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér. Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattstöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Hvað gerist ef SL lífeyrissjóður getur ekki greitt út?

Lög um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta nr. 98/1999 taka ekki til innstæðna í séreign. Innstæður í séreign á Íslandi heyra þannig ekki undir ábyrgðarkerfi og þú gætir því tapað allri fjárfestingunni þinni.

Hver er kostnaðurinn?

- Enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum fer í kostnað
- Enginn kostnaður er af flutningi á milli fjárfestingarleiða
- Engin sölulaun
- Enginn dreifingarkostnaður

Fjárfestingagjöld og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi sjóðsins svo engin aukagjöld falla á afurðina. Sjá nánar um þessa kostnaðarliði í skýringum ársreiknings séreignarleiða SL á <https://www.sl.is/um-sjodinn/utgefid-efni/arsskyrslur/>

Lækkun á ávöxtun (RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfrar í þrjú mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útöngu, sem eiga þó ekki við í tilfelli þessarar afurðar. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 100.000 krónum á hverju ári. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

Kostnaður yfir tíma

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Fjárfesting á ári : 100.000 kr.	Ef þú innleysir eftir:		
	1 ár	3 ár	5 ár
Sviðsmyndir			
Heildarkostnaður (kr.)	431	3.894	10.862
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,43%	0,43%	0,43%

Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- Árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í loks ráðlagðs fjárfestingartíma.
- Merkingu mismunandi kostnaðarflokka.

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári

Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,01%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina.
	Annar viðvarandi kostnaður	0,42%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum og kostnaðurinn sem er settur fram í II. þætti.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir	0,00%	Áhrif árangurstengdra þóknana.
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 1 ár (a.m.k.)

Ráðlagður fjárfestingartími miðast við að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjárfestingartímanum og því ráðlegt að halda fjárfestingunni í að minnsta kosti 1 ár. Þar sem um séreignarsjóð er að ræða getur almennur fjárfestir haldið afurðinni eins lengi og hann óskar.

Söfnunarleið I hentar best þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarks áhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun. Við val á fjárfestingarleið er því meðal annars ráðlagt að huga að því hve langt er í í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélagans er og hvert viðhorfið sé til áhættu.

- Réttur til útborgunar er við 60 ára aldur og er þá heildarinneign laus til útborgunar. Útborgun getur þó aldrei hafist fyrr en tveimur árum eftir að fyrsta greiðsla barst sjóðnum.
- Sjá nánar um aðrar ástæður útborgunar, vegna örorku, andláts eða annarra ástæðna, á www.sl.is.
- Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara.
- Tekjuskattur er dreginn af við útborgun.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun vegna afurðarinnar í gegnum síma 510-7400, í afgreiðslu sjóðsins að Borgartúni 29, 105 Reykjavík eða með því að senda póst á sl@sl.is. Einnig má senda nafnlausar ábendingar/kvartanir í gegnum þar til gert eyðublað á vefsíðu sjóðsins: <https://www.sl.is/um-sjodinn/nafnlausar-abendingar/>.

Vegna SFDR reglugerðar

Samkvæmt mati sjóðsins flokkast Söfnunarleið I sem 6. gr. fjármálaafurð skv. reglugerð (ESB) 2019/2088 („SFDR“). Samkvæmt 3. gr. SFDR ber sjóðnum að lýsa því hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvörðunarferli hans. SL lífeyrissjóður hefur sett sér stefnu um [Siðferðileg viðmið í fjárfestingum](#), sem mælir fyrir um kröfur sem sjóðurinn gerir til eigna í eignasafni sínu og viðbrögð við frávikum. Viðmiðin hafa enn fremur verið tekin upp í [Fjárfestingastefnu](#) sjóðsins. Komi fram við könnun á fjárfestingarkosti að hann uppfylli ekki viðmiðin leiðir það almennt til þess að ekki verður af fjárfestingu af hálfu sjóðsins. Í undantekningartilfellum er tekin ákvörðun um kaup, sé kosturinn fremstur meðal jafningja á sínu sviði. Í slíkum tilfellum beitir sjóðurinn sér með sérstökum hætti í samræmi við [Hluthafastefnu](#).

Að svo stöddu telur sjóðurinn sig ekki hafa nægilega traust gögn til að geta greint frá helstu neikvæðu áhrifum fjárfestingaákvæðana sjóðsins á sjálfbærniþætti, í skilningi a-liðar 1. mgr. 4. gr. SFDR. Stefna sjóðsins er sú að hafa innleitt slíkt mat í fjárfestingarferli árið 2024. Sjóðurinn upplýsir því hér með að sem stendur tekur hann ekki tillit til, í skilningi 4. gr. SFDR, neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvæðana á sjálfbærniþætti.

Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreind sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar, sbr. 22-lið 1. mgr. 2. gr. SFDR. Áhættur tengdar sjálfbærni sem geta mögulega haft í för með sér neikvæð áhrif á ávöxtun geta til dæmis tengst loftslagsbreytingum, útblæstri koltvísýrings, mannréttindabrotum, mansali, fjölbreytileika, vinnuslysum og réttindum hluthafa.

Ef áhætta tengd sjálfbærni raungerist og sjóðurinn hefur ekki tekið fyllilega tillit til hennar getur slíkt haft í för með sér skyndilegar, neikvæðar afleiðingar á ávöxtun afurðarinnar.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um Séreignarleið I hjá SL lífeyrissjóði má nálgast á www.sl.is. Þar má m.a. finna fjárfestingarstefnu sjóðsins, ársreikninga og reiknivél séreignar. Einnig geta sjóðfélagar skráð sig inn á sjóðfélagavefinn og fengið þar upplýsingar um sína séreignarstöðu.